

L Ö G

38

7. júní

um breyting á lögum nr. 7 1959, um breyting á lögum nr. 19 1955, um breyting á lögum nr. 124 22. des. 1947, um dýralækna.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Á 1. gr. laganna eru gerðar þessar breytingar:

a. 2. tölul. orðist svo:

Borgarfjarðarumdæmi: Borgarfjarðarsýsla og Akraneskaupstaður.

b. Á eftir 2. tölulið komi tveir nýir liðir, svo hljóðandi:

1. *Mýrasýsluumdæmi:* Mýrasýsla.

2. *Snæfellsnesumdæmi:* Snæfellsnes- og Hnappadalssýsla.

c. 3. töluliður orðist svo:

Dalaumdæmi: Dalasýsla og Austur-Barðastrandarsýsla vestur að Klettshálsi.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört að Bessastöðum, 7. júní 1960.

Ásgeir Ásgeirsson.

(L. S.)

Ingólfur Jónsson.

L Ö G

39

7. júní

um heimild til að selja ábúendum tvær jarðir í Austur-Húnavatnssýslu.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Sýslunefndum Austur-Húnavatnssýslu og Vestur-Húnavatnssýslu heimilast með lögum þessum að selja ábúendum jarðirnar Meðalheim í Torfalækjarhreppi og Hamar í Svínavatnshreppi. Jarðirnar skulu seldar því verði, er dómkvaddir menn meta, nema hærri tilboð liggi fyrir, og skal leita samþykkis eftirlitsmanna opinberra sjóða um söluverð þeirra. Andvirði jarðanna og þess, er þeim fylgir, er eign Afgjalda-sjóðs kristfjárjarða í Húnavatnssýslu.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört að Bessastöðum, 7. júní 1960.

Ásgeir Ásgeirsson.

(L. S.)

Ingólfur Jónsson.

A 21